

UM FORMÁLA ÍSLENSKRA SAGNARITARA

*Andmælaræður Bjarna Guðnasonar og Jakobs
Benediktssonar við doktorsvörn Sverris Tómassonar
2. júlí 1988*

I

RÆÐA BJARNA GUÐNASONAR

RIT Sverris Tómassonar kand. mag., *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum. Rannsókn bókmenntahefðar*, sem hér er til umræðu, er mikil bók og vegleg. Með skrá og töflum (formála, efnisyfirliti, helstu skammstöfunum, útdrætti á ensku, skrá um formála, heimildaskrá og nafnaskrá) er hún 462 blaðsíður að lengd, gefin út af Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi (Rit 33). Frágangur er í alla staði prýðilegur.

Eins og fram kemur í formála höfundar að bókinni, þá er stofninn í doktorsritinu gömul kandiðatsritgerð, sem hann hefur á marga lund stórlega aukið og bætt. Þótt höfundur hafi frá því að hann lauk prófi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands 1971 leyst af hendi margvísleg verkefni í fræðigreini sinni, hefur hann augljóslega aldrei misst sjónar á formálarannsóknnum sínum. Hann hefur sótt föng til bókar sinnar bæði heima og erlendis, m.a. þegar hann var við nám og kennslu við háskóla á Englandi og í Þýskalandi. Með því móti hefur hann komist yfir mörg nýtileg hjálpargögn og greinilegt er, að sum þeirra rita, sem hann styðst við, eru ekki til í íslenskum bókasöfnum. Sökum þess hve heimildaskráin er ríkuleg og stendur víða fótum er mikill fengur að henni. Doktorsritið ber höfundi sínum fagurt vitni um lifandi áhuga og þrotlausa elju um áratuga skeið við rannsóknir á formálum og formálahefð. Og af þessu er sýnilegt að hann muni ekki hafa kastað höndum til verksins.

Ekki fer á milli mála að formálar í íslenskum miðaldaritum eru kjörð verkefni til úrlausnar við doktorspróf. Og ber margt til þess. Nefna

má, að það er merkingarlega skýrt afmarkað bóklegt fyrirbrigði. Í annan stað snertir það óumdeilanleg tengsl latínumennta og innlendrar frásagnarhefðar. Enn fremur dylst ekki, að viðfangsefnið er bæði brýnt úrlausnar og miðlægt í bókmenntasögunni. Og loks fer ekki hjá því, að það reynir á fræðilega hæfni og dugnað rannsakandans.

Það er alkunna að formálar hafa fylgt íslenskum bókum frá upphafi ritaldar eins og formáli eða prologus Íslendingabókar Ara fróða ber með sér. Segir það sína sögu um rætur íslenskrar bókmenningar. Fræðimenn hafa að sjálfsgöngu skoðað formála Ara grannt en lesið hann og túlkað misjafnlega. Sama gildir um aðra merka formála eins og formála fyrir Sverrissögu og Heimskringlu. Formálarýnin hefur að langmestu leyti verið bundin við þessa eða aðra einstaka formála, en á hinn bóginn hefur láðst að gera sér viðhlítandi grein fyrir bókmenntahefð formálanna.

Sverrir Tómasson gerir fyrstur manna hér á landi heildarkönnun á formálum sem sérstæðu og alþjóðlegu bókmenntalegu fyrirbrigði, þar sem hann sýnir fram á, að formálar latínubóka og norrænubóka eru af einni og sömu rót. Á það verða ekki bornar brigður enda má segja, að það hafi legið í augum uppi. En samtímis gengur hann skrefi lengra og leiðir rök að því, að hver formáli sé hluti af bókmenntahefðinni og út frá þeirri staðreynd verði að beita honum til skilnings og túlkunar á því bókmenntaverki, sem hann stendur fyrir. Formálarnir verða á sína vísu bókmenntafræði innlendra lausamálsverka á sama hátt og Snorra-Edda er skáldskaparfræði hins norræna kveðskapar.

Það grundvallarsjónarmið að formálar lúti reglum lærðrar og fastmótaðrar hefðar er einkum rakið til rannsókna E.R. Curtiusar, sér í lagi rits hans *Europäische Literatur und lateinisches Mittelalter* (1948). Hann gekk úr skugga um að sömu efnispættir formálanna kæmu fyrir aftur og aftur í latínubókum miðalda og rakti slóð þeirra til klassískrar mælskulistar og sagnaritara Grikkja og Rómverja. Curtius hélt sig aðallega við latínurit í athugunum sínum en vék lítt að ritverkum á þjóðtungum. Sverrir Tómasson bætir úr þessari vöntun hvað varðar sagnarit á íslensku máli og virðir fyrir sér formála þeirra með hliðsjón af niðurstöðum Curtiusar, en doktorsefni hefur vitaskuld tekið tillit til og rætt þær formálarannsóknir, sem síðar hafa birst eftir aðra fræðimenn (M. Schulz, G. Simon, T. Janson o.fl.).

Curtius kallaði þessa venjubundnu efnispætti formálanna *topos* (grískt orð, flt. *topoi*; á lat. *locus communis*), en Sverrir nefnir þá *ritklif*

á íslensku. Orðið gefur vísbendingu um tíðni og eðli þeirra. Sú tegund ritklifa, sem hér kemur við sögu, fellur undir hugtakið *captatio benevolentiae*, þ.e. þau málbrögð sem beitt er til að öðlast velvild áheyrenda eða lesenda. Þessi ritklif eru ávörp, bókarefni, tilefni, ritbeiðni, vinnubrögð, heimildir, stíll, form, viðhorf til áheyrenda eða lesenda, tilgangur og loks beiðni um leiðréttingar á verki.

Þessum ritklifum, sem eru frumhugtök og grunnur rannsóknarinnar, gerir doktorsefni fræðileg skil og leiðir í ljós, hvernig þau birtast í íslenskum formálum. Allajafna ber hann ekki saman að fullu erlenda og innlenda formála, heldur bendir hann á einstök ritklif í þeim til að sýna erlend áhrif í íslenskum formálum. Í doktorsritinu er urmull dæma og tilvitnana til erlendra formála og retórískra handbóka, sem hafa orðið til á ólíkum tímum, svo að skakkar öldum, víðs vegar í hinum latneska menningarheimi Evrópu. Þetta er í sjálfu sér fróðlegt og lærdómsríkt en augljóst, að litlar líkur eru á því að öll þau rit eða handbækur, sem doktorsefni tilgreinir til að styðja mál sitt, hafi borist til Íslands. Virðist því oftast ráða hending ein hvaða erlenda formáladæmi er haft til hliðsjónar. Hér er því um almenna menningar- eða bókhefð að ræða en ekki áhrif frá einu ritverki til annars. Þetta hlýtur að torvela rannsóknina og brýna menn til aðgætni í niðurstöðum með því að samanburðardæmin geta verið í miklum fjarska hvert frá öðru, ýmist hvað snertir merkingarlegt samhengi, stað eða tíma.

Sverrir Tómasson kemur býsna víða við í bók sinni og skyggnist um lærdómslendur evrópskrar miðaldar. Hann víkur að og glímir við fjölmörg torleyst vandamál íslenskrar sagnaritunar og bókmenntafræði. Hann gerir ráð fyrir, að helsti milliliður latínumennta og innlendrar menningar séu bækur sem hafðar voru um hönd í skólum, klaustrum eða lærdómssetrum hér á landi og rekur leið formálanna eftir bókum.

Jakob Benediktsson mun taka til nánari umræðu þá kafla í bók doktorsefnis sem greina frá latneskum menntaheimi, retórík og lærdómslistum hérlendis á miðöldum. Hins vegar mun ég ræða fimm meginþætti könnunarinnar, en þeir eru bygging bókarinnar, skilgreining formála, afmörkun rannsóknarefnis, formálaskýringar og að endingu formálahefð og innlend frásagnarhefð.

1. Bygging bókarinnar

Mér virðist, að höfundur hefði mátt fara efnisskipan bókarinnar betur úr hendi. Rannsóknin hefst á inngangi, sem er hvorki meira né minna en 80 blaðsíður að lengd. Þar ræðir höfundur um efni eins og mælskulist, íslenska lærdómssögu, skóla, skólagöngu, bókakost og erlend menningaráhrif á Íslandi til að sýna að sagnaritarar hafi átt greiðan aðgang að formálum. Innganginum lýkur með umræðu um bókmenntahefð og ritklif og um bókmenntategundir á miðöldum.

Inngangurinn greinist í sjö undirkafla og þar er dreginn saman mikill erlendur lærdómur. Vissulega er þakkarvert að fá almenna greinargerð um þessa menningarsögulegu hluti, ekki síst um retórikina og ritklifin – einkanlega þar sem fátt eitt hefur verið ritað og rætt um þessi efni á íslensku – en engu að síður hefði doktorsefni mátt fara fljótar yfir sögu og stytta mál sitt. En um það má vitanlega lengi deila. Aftur á móti er einsætt, að betur hefði farið á því að gera hærra undir höfði þeim undirkafla inngangsins, sem nefnist 'Formálinn: skýrgreining, hlutverk og bygging' og láta hann standa einan og sér, þar sem hann er þrátt fyrir allt forsenda fræðilegrar umfjöllunar, eins og heiti ritsins vottar. Höfundur á augljóslega heldur óhægt um vik með því að hann nefnir tvo meginhluta verksins 'Fyrri hluta' og 'Síðari hluta'. Eru það áhrif frá formála Sverrissögu? Af því leiðir að búið er að reyna verkið í viðjar og inngangurinn verður fyrir vikið drjúglangur eins og raun ber vitni. Þessi kaflaheiti – 'Fyrri hluti' og 'Síðari hluti' – segja harla lítið og byrgja úti rannsóknarefni, sem æskilegt hefði verið að fjalla um ræki-lega og í sérstökum köflum. Hér á ég við höfuðatriði eins og *virik – óvirik ritklif* og *formálahefð – innlend frásagnarhefð*. En það skal tekið fram, að doktorsefni vikur að sjálfsögðu margoft að þessum efnunum en á við og dreif í bókinni, svo að heildarsýn fer forgörðum.

Í 'Fyrri hluta' bókar er farið í saumana á ritklifum formálanna og dregnar af þeim ályktanir. Þessi kafli er viðamesti hluti bókarinnar og skiptist í þrjá undirkafla. Sá fyrsti nefnist 'Tilefni' þar sem doktorsefni ræðir um tildrög þess, að bækur voru skráðar og talar hann þar um ritbeidni, þakklæti og hlýðni, þörf á nýju verki o.s.frv. Annar snýst um 'Tilgang', þar sem gerð er grein fyrir markmiði ritunarinnar. Þar eru undirkaflar, sem nefnast 'Markmið, nytsemi og hlutverk', 'Mínning forfeðranna', 'Lof og heiður' o.s.frv. En hér er doktorsefni nokkur vandi á höndum því að tilefni bókar er oftast nær samofið tilgangi

hennar eins og doktorsefni tekur víða fram, (sbr. t.d. 108) og tilgangur ritunarinnar gat verið margs konar, jafnvel annar en sá sem sagt er frá í formála.

Tökum Hungurvöku sem dæmi. Doktorsefni ræðir um *tílefni* ritunar Hungurvöku eftir orðum formála hennar og kemur þá í ljós að þau eru ferns konar: 'þakklæti og hlýðni' (94–95), 'hvatning frá öðrum verkum' (99), 'að miðla fróðleik' (101) og loks 'metnaður og minnisverð tíðindi' (102). En þessu til viðbótar ætlar doktorsefni *markmið* ritunar Hungurvöku margvíslegt og getur doktorsefni þess í undirköflunum 'minning forfeðranna' (111), 'skuggsjá til eftirdæmis' (127), 'nytsamleg skemmtan eða dægradvöl' (130) og loks í þeim undirkafla sem kallast 'Stefnuyfirlýsingar formálanna og hið raunverulega markmið verksins' (146), þar sem S.T. gerir því skóna að þrátt fyrir allt séu ekki öll kurl komin til grafar um markmið verksins í formálanum. S.T. segir:

En samt sem áður er ekki skýrt frá þeim sem mest efldi kristnina í Skálholti, sælum Þorláki, og virðist það þó hafa verið ætlunin. Það má líta á Hungurvöku eins og inngang að sögu þessa gimsteins; þar með er ekki sagt að slík frásögn yrði jatarasaga. Sennilegast þykir mér að í lokin hafi átt að koma stutt lofgjörð um Þorlák lík að gerð og um hina biskupana og ef til vill mærdarmeiri; þá hefði verið sagt frá sex merkismönnum og sú tala hafði tákngildi á miðöldum (147).

Ekki fer á milli mála, að höfundur Hungurvöku hafi gengið margt til þegar hann samdi ritið en mér hefur jafnan fundist megintilgangurinn vera sá að láta ekki sögu fyrstu Skálholtsbiskupa vera ósagða eftir að saga Þorláks helga var skrifuð. Ef menn vilja þá geta þeir kallað Hungurvöku inngang að sögu Þorláks, en ég hygg úr lausu lofti gripið, að í lok Hungurvöku 'hafi átt að koma stutt lofgjörð um Þorlák lík að gerð og um hina biskupana og ef til vill mærdarmeiri'. Væri slíkri 'stuttri lofgjörð' ekki ofaukið sem forspjalli að sérstakri sögu um Þorlák? En þetta er ekki aðalatriðið, heldur hitt, hvort þessi stranga greining doktorsefnis eftir tílefni og tilgangi sé heppileg. S.T. kemst svo að orði:

Mér þykir þó rétt að taka hér fram að nauðsynlegt reyndist að nálgast viðfangsefnið frá mörgum hliðum; ein klausa úr formála

gat lýst tvenns konar viðhorfum sem ekki var auðvelt að fjalla um á einum stað. Vegna þessa er oft rætt um sömu klausuna á mörgum stöðum og bein tilvitnun í hana tekin upp á þeim öllum, lesanda til þæginda. Í tveim köflum verksins, *tilefni* og *tilgangi*, er þetta t.a.m. algengt og endurtekningar óhjákvæmilegar, þar sem um mjög skylt efni er að ræða (VIII).

Með þessu vinnulagi verða sömu tilvitnanir bornar oftsinnis fyrir vit lesandans; slíkt er sjaldan til bóta í vísindariti. En sum dæmanna eru hins vegar höggvin úr lengra samhengi þeirra, þannig að hætt er við að það samhengi skorti einnig í huga lesandans.

Formálaklausurnar eru endurteknar víða í ritinu, stundum með stuttu millibili og verða bæði leiðinlegar og varasamar, ekki síst vegna þess að greinarmunurinn milli tilefnis og tilgangs er ekki fjarska glöggur. Hefði ekki mátt hafa aðra tilhögun á efninu? Ef til vill hefði mátt greina formála Hungurvöku í einu lagi? En doktorsefni á hér þá vörn, að það eru ritklifin sem eru undirstaða rannsóknarinnar, og hann leggur áherslu á að gaumgæfa tengsl þeirra við verkin sjálf. Með aðferðinni, sem hann beitir, fær hann svigrúm til fræðilegrar umræðu um hvert einstakt ritklif.

Þriðji kafli 'Fyrri hluta' kallast 'Viðhorfið til efnisins'. Þetta er lengstur og veigamestur kafli verksins, um 110 blaðsíður að lengd. Þar fjallar doktorsefni um fjölmörg grundvallaratriði íslenskrar sagnaritunar, svo sem um efni og búning, sagnfræði og skáldskap, heyrnarvotta og sjónarvotta, vinnu eða sköpun o.s.frv. Þarna eru mörg álitamál.

'Síðari hluti' (261–302) eru sjálfstæðar greinar. Sú fyrsta kallast 'Ólafs saga Tryggvasonar – Formáli og verk'. Þar varpar S.T. fram ýmsum spurningum: Hvers vegna skrifaði Oddur munkur Snorrason Ólafs sögu Tryggvasonar og af hverju á latínu? Hvernig kemur yfirlýstur tilgangur í formála heim og saman við verkið sjálft? Næsta grein er um Ara og Snorra og kannar höfundur einkum áhrif Ara á Snorra og stefnu þeirra í sagnaritun. Þriðja grein nefnist 'Fræðisagan um Adonías', þar sem S.T. leiðir líkur að því, að í formála þessarar riddarasögu frá 14. öld, sé skotið fram skarpri þjóðfélagsádeilu.

EKKI LÆTUR S.T. ÞESS GETIÐ, HVÍ HANN TEKUR FYRRNEFNDI FORMÁLA MEÐ ÞESSUM HÆTTI FREKAR EN AÐRA TIL SÉRSTAKRAR MEÐFERÐAR. HÉR HEFÐI FULLT EINS VEL MÁTT TAKA FORMÁLA HUNGURVÖKU OG GERA Á EINUM STAÐ HEILDARGREIN FYRIR ÞVÍ HVAÐ VAKAÐ HAFI FYRIR HÖFUNDI HENNAR MEÐ RITI SÍNU. ÞAÐ

sýnist mundu hafa verið eðlilegasta aðferðin að gera þennan 'Síðari hluta' með sínum þrem greinum að bókarauka (exkurs).

Niðurlag bókarinnar greinist í tvennt, annars vegar vettvang og njótendur, hins vegar niðurstöður. Venja er, að niðurstöður séu sérstakur lokakafli en doktorsefni viku þar að meginatriðum, sem hafa naumast verið rædd áður í rannsókninni, svo sem um íslenska frásagnarhefð og um formálalausar Íslendingasögur. Niðurstöðurnar hefðu mátt vera settar fram á greinilegri og rækilegri hátt, sökum þess hvernig gengið hefur verið að efninu áður og hvernig því hefur verið komið fyrir í skipan bókarinnar.

Að endingu er langur 'Viðbætur' um varðveislu þeirra formála, sem um er talað. Slíkt yfirlit er gott að fá; það eykur gildi ritsins að mun. En reyndar mætti telja, að 'Viðbæturinn' hefði mátt vera nánar sniðinn að viðfangsefninu sjálfu og óþarfi virðist að gera grein fyrir úreltum skoðunum fræðimanna.

2. Skilgreining formála

S.T. skýrgreininir formála á eftirfarandi hátt: '*Formáli kallast upphafsþáttur ritverks eða einhvers hluta þess þar sem höfundur, þýðandi, ritstjóri og/eða safnandi gerir grein fyrir því efni sem á eftir fer*' (57).

Hér er sagt að staðsetning skeri úr um hvort eitthvert ritstykki sé formáli eða ekki: hann skal vera í upphafi ritverks. S. T. er ekki einn um það greinimark. En óneitanlega verður þá nokkur vandi á um eftirmála eins og fram kemur í eftirfarandi orðum doktorsefnis:

Glögglega má sjá að formála hefur stundum verið bætt við eftir að frásagan hefur verið samin. Hann getur því stundum kallast eiginlegur eftirmáli. Það skiptir þó ekki máli, þótt hann sé samin eftir á, ef hann er sannanlega skrifaður af sama manni og verkið sjálft. Formáli og eftirmáli mynda ramma utan um frásögnina. Eftirmálinn gegnir í bókmenntalegu tilliti sama hlutverki og formálinn. Það réttlætir að úr honum séu tekin sýni til samanburðar við efnisatriði formálanna (62–63).

Af þessu er ljóst að eftirmáli 'virðist vera fullkomið ígildi formála' (342) og að engu skipti hvort slíkur aðfarakafli sé settur á undan rit-

verki eða eftir. Til að mynda telja flestir að formáli Ara að Íslendinga-bók sé upphaflega eftirmáli. Eina skýra dæmið um hið algenga ritklíf *amor patriae* í íslenskum miðaldaritum sækir S.T. til eftirmála Þórðar-bókar Landnámu og er títt vitnað til hans. Sama gildir um A-gerð Jóns sögu helga, sem hefur eftirmála en ekki formála. Í fæstum orðum sagt fer doktorsefni með eftirmála í riti sínu eins og væru þeir formálar að öllu leyti, en hann fellir þá ekki undir skilgreiningu sína.

Doktorsefni hlítir eigi að fullu skilgreiningu sjálfs sín. Hann telur til formála 'formálaorð' Sturlu Þórðarsonar í Sturlungu (3), en ekki formála Eiríks Oddssonar að Hryggjarstykki í Morkinskinnu og Heimskringlu. Báðir þessir formálar hafa svipaða stöðu og eru umsamdir að nokkru leyti. En þrátt fyrir það beitir S.T. formála Eiríks Oddssonar fyrir sig í röksemdafærslu um gildi sjónarvotta. Þar kemst S.T. svo að orði:

Það kemur og fyrir að formálar rita eru teknir upp að hluta eða í heilu lagi í samsteypur, sbr. *Sturlungu*;. . . En til þess að unnt sé að kalla þessa klausu formála, verða fleiri efnisatriði að koma fram og staða hennar í verkinu verður að vera í upphafi þess (203 nmáls).

Í 'Viðbætinum' farast S.T. orð um sama efni á þessa lund:

Þá hef ég sleppt að ræða um klausur sem líklega eiga rót sína að rekja til formála rita er nú eru glötuð eins og t.d. Hryggjarstykkis, en leifar þess formála eru sjáanlegar í Heimskringlu og Morkinskinnu (395).

Þess má geta að formáli Eiríks telur upp heimildir og segir frá vitnisburði heyrnar- og sjónarvotta og er að því leyti mikilvægur að ætla má að hann sé formáli fyrstu frumsömdu sögunnar á íslensku máli og brautryðjandaverks í íslenskum bókmenntum. Ég hef leitast við að færa rök að þessu í riti mínu *Fyrsta sagan*. En nauðsynlegt hefði verið fyrir doktorsefni að útlista nánar hvaða 'fleiri efnisatriði' þurfa að vera í formála til þess að hann komist í formálatölu. Nefna má til samanburðar að doktorsefni hefur tekið formála Veraldarsögu með í skrá

sína um formála en hann er örstuttur og segir lítið annað en frá upphafi ritunar helgra bóka:

Moyses het guðs dýrlingr í Gyðinga fólki sá er fyrst hóf þá þrífnaðar sýslu at rita helgar bækr um guðs stórmerki . . .

Mér sýnist skilgreining formálahugtaksins vera of þröng. Affarasælast hefði verið – eins og varðveislu íslenskra miðaldarita er háttað – að fella undir hugtakið allar þær klausur sem gegna bókmenntalegu hlutverki formálaorða. Enda hefur doktorsefni að verulegu leyti gert það í reynd með dæmasafni og úrvinnslu í riti sínu.

3. Afmörkun rannsóknarefnis

Eins og titill bókarinnar ber með sér, takmarkar doktorsefni rannsókn sína við þá formála, sem ‘með nokkrum rétti mega kallast íslensk smíð’ (2). Hann heldur áfram og segir:

Með orðinu *sagnarit* á ég við þær bókmenntagreinir sem í fræðiritum eru flokkaðar eftir efni, þ.e. konunga-, dýrlinga- riddara- og fornaldarsögur, en hér með tel ég einnig Íslendingabók, Íslendinga sögu Sturlu Þórðarsonar og Stjórn, þar sem formáli þess rits er að hluta verk norræns safnanda (3).

Orðalagið er tæplega nógu nákvæmt. Líklega á ‘norræns safnanda’ að vera ‘íslensks safnanda’, ef ég hef numið þetta rétt. Í annan stað mætti ætla af samhenginu, að Íslendingasaga Sturlu væri ekki sagnarit og í þriðja lagi vantar í upptalninguna biskupasögur og hef ég þá í huga sögur eins og Hungurvöku og Lárentíussögu, því að ekki verða þær taldar til dýrlingasagna, þótt örli á áhrifum þeirra, einkum á Hungurvöku. Og loks sakna ég veraldlegra samtíðarsagna og minni sérstaklega á Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar (um formála hennar er auðvitað rætt í ritinu), en þeirra er skylt að geta, þar sem doktorsefni kveðst fylgja venjulegri flokkun sagnarita í fræðiritum.

Doktorsefni tekur fram að hann fjalli ekki sérstaklega um formála fræðirita, svo sem Snorra-Eddu, dæmisagnasafna, hómilíubóka, mál-

fræðiritgerða, ríms og lögbóka, en hirði úr þeim dæmi, ef með þarf, og sama gildi um norsk rit.

Sýnt er, að nokkur fræðilegur vandi er á höndum, þegar dæma á hvort formálar t.a.m. þýddra riddarasagna séu norskir eða íslenskir nema hvorttveggja sé, þ.e. að þeir hafi verið umsamdir í afskriftum. Þetta á við um formála Stjórnar. Formáli Möttulssögu er tekinn með en ekki formáli Tristramssögu. Kleift hefði verið að leysa þennan vanda með því að láta verkið spanna formála allra þýddra riddarasagna sem eru örfáir og norsk formálarit. Þau eru einnig fá, helst eru Theodoricus, Historia Norvegiae og Konungsskuggsjá. Ekki hefði þetta lengt ritið að ráði því að doktorsefni sækir óspart formálasýni til þessara bóka. Nefna má, að í fáa formála eru jafnmörg dæmi sótt og til formála Theodoricusar.

Æskilegt hefði verið að fá stutt yfirlit – þótt ekki hefði verið nema töflu – yfir formála íslenskra fræðirita. Hvað einkennir formála þeirra? Gætu þeir lýst eða skýrt atriði í formálum sagnarita? Af hverju er talið rétt að skilja að formála sagnarita og formála fræðirita? Einhverjar skýringar hefðu átt að fylgja þessum aðskilnaði af hálfu doktorsefnis.

4. Formálaskýringar

Það segir sig sjálf að fyrir ýmissa hluta sakir er oft erfiðleikum bundið að skilja og skýra formálana, það sannar fjöldi dæma. Hvað merkir eitthvert orð eða orðasamband? Er það ritklif? Er það virkt eða óvirkt? Curtius taldi ritklif vera 'feste Cliches oder Denk- und Ausdruckschemata', þ.e. óvirk eða lítið merkingarvirk föst sambönd, klisjur (hugsunar- og tjáningarmynstur). Curtius tileinkaði ritklifum litla eiginlega merkingu og gerði ekki ráð fyrir miklum tengslum þeirra við verkið sjálf. Þótt Curtius væri ekki ávallt samkvæmur sjálfum sér eins og doktorsefni bendir á, þá hafa hugmyndir hans mótað mjög viðhorf síðari fræðimanna við túlkun ritklifanna. Meginvandinn – upphaf og endir – við skýringar á formálum er því fólgin í spurningunni: Er mark takandi á ritklifunum til skilnings á verkunum? Þessu verður að svara í hverju einstöku tilviki og fræðimenn getur greint mjög á um svör. Tökum dæmi.

Í Danasögu sinni frá um 1200 segir Saxi málspaki í frægum formála að hann hafi kynnt sér fræðasjóði Íslendinga 'og samið eigi lítinn hluta verks síns' upp úr frásögnum þeirra. Ég hef haldið því fram, að það sé

rangt að ómerkja orð Saxa eins og margir fræðimenn hafa viljað gera og hef rökstutt það með því að benda á, að fyrstu níu bækurnar í sögu Saxa eru að stórum hluta samstofna við íslenskar fornaldarsögur og hann hafi því víslega stuðst við íslenska heimildarmenn. En danskir fræðimenn standa allfast á því að orð Saxa séu að litlu hafandi, þau séu tiskubundin og merkingarlaus formálaorð eða óvirk ritklif. Og við það situr um skilning manna á formála Saxa. Þetta dæmi sýnir, hve grunnurinn er valtur til að meta á honum merkingargildi formálaorða eða ritklifa. Af þessum sökum hefði verið ákjósanlegt, að doktorsefni hefði rætt skilmerkilega í sérstökum kafla um virkni og óvirkni ritklifa í íslenskum formálum, eins og fyrr segir. Má greina einhver kennimörk um það hvort einstök ritklif beri merkingu eða ekki?

Doktorsefni hopar í rannsókn sinni hvergi fyrir þeim erfiðleikum að reyna að skilja og skýra ritklifin og um leið að túlka þau og verkið sjálft. Álitamálin eru mörg og því þarf ekki að koma á óvart, þótt ekki séu allar ályktanir hans sannfærandi og skal ég nefna nokkur sýnis-horn.

Í formála Jóns sögu helga (B-gerðar) er vikið að umbótum á verkuinu. Þar segir:

Biðjum vér alla þá sem þessa frásögn heyra, at fyrir várn ólistugan framburð ok ósnjallt orðatiltæki fyrirdjarfi þeir eigi svá háleitt efni sem vér munum fram flytja, heldr umbæti meðr ást ok elsku þar sem þeir sjá þess með þurfa (161).

Um þennan póst segir doktorsefni:

Rétt er að vekja athygli á síðustu setningunni, '*þar sem þeir sjá þess með þurfa*'. Ekki er unnt að skilja þetta orðalag öðruvísi en svo að gefið sé í skyn að umbóta sé raunar ekki alls staðar þörf. Lesandinn gæti jafnvel freistast til að halda að höfundurinn væri í raun og veru að segja að engra umbóta væri þörf (161–62).

Doktorsefni hyggur að einungis sé beðið um lagfæringar á stíl en sennilega mun einnig vera átt við textann eða söguna sjálfa, sbr. forformála Eugippiusar (sagnaritara frá 6. öld) að útdrætti úr verkum

Ágústínusar. Litlar horfur eru á því, að þetta ritverk hafi borist til Íslands, en vert væri að velta vöngum yfir því hvort hægt er skilyrðislaust að leggja að jöfnu formálaorð fyrir trúarriti kirkjuföður og formálaorð fyrir ævisögu veraldlegs konungs. Er víst að gildi orða sé hið sama óháð bókmenntategundum? S.T. segir réttilega, að formálar Sverris sögu séu skrifaðir af ritstjóra (160) og er það liður í röksemdafærslu hans, en ekki má gleyma, að stofn þeirra er frá Karli ábóta runninn, höfundur sögunnar, og ekkert virðist því til fyrirstöðu að tilvitnunin í styttri formálagerðina sé frá honum komin (eða jafnvel í lengri gerðina). Að öllu athuguðu treysti ég mér ekki til að staðhæfa að skilningur S.T. sé rangur en mér þykir hann orka tvímælis. Ég hygg að menn ættu að leggja nokkurn trúnað á orð sagnaritara, taka þau bókstaflega, þangað til annað reynist réttara.

Höfundur Lárentíussögu vísar til heimilda sinna á þessa lund í formála:

Eru hér ok margir hlutir saman settir af ýmissum atburðum sem fram hafa farit á ýmsum löndum eptir því sem annálar til vísa, hverir mestan fróðleik sýna (231).

Í þessu sambandi leggur S.T. áherslu á að annálar séu einmitt heimildir, sem evrópskir höfundar sóttu mjög til, og sannar mál sitt með tilvitnunum til Beda prests og Adams frá Brimum. Er ekki annað að skilja en höfundur Lárentíussögu feti í fótspor þeirra (231–32). Er hér ekki farið yfir lækinn eftir vatni? Einar Hafliðason er talinn hafa samið bæði Lárentíussögu og Lögmannsannál og hann styðst mjög við annálinn í sögu sinni; tilvísun formálans hnígur ugglaust að því.

Í formála Lárentíussögu segir enn fremur:

því at sá sem þessa sögu hefir saman sett var (+ B ek) áminntr af honum sjálfum í minni halda hverja hluti hann sjálfr fram sagði (93).

Um þessa formálaklausu segir S.T.:

Í formála Lárentíus sögu er ekki ritbeiðni. Höfundur gat ekki

látið líta svo út að hann hefði tekið upp hjá sjálfum sér að rita ævisögu Lárentíusar. Þá hefði hann verið sakaður um ofdirfð. Hann lætur í ljós að hann hafi hlýtt boði biskups; þess vegna hafi hann farið að skrifa söguna (93).

‘Í minni halda’ merkir aðeins ‘að geyma (vel) í minni’ og þetta er auðskilið þegar haft er í huga að þeir atburðir sem leiddu til þess að Lárentíus varð að lokum biskup á Hólum voru svo ævintýralegir að viðbúið var að síðari tíma mönnum virtist frásögnin vera skrök. Sagnfræðingurinn séra Einar Hafliðason er aðeins að leggja áherslu á að frásaga sín sé frá biskupi sjálfum komin og því trúverðug. Hér er því ekki um að ræða að orðin ‘í minni halda’ feli í sér boð biskups um að Lárentíus eigi að skrifa bók. Þetta sést m.a. af framhaldi þess formálapósts, sem doktorsefni vísaði til:

í minni halda hverja hluti hann sjálfr fram sagði, *hverju fram hafi farit um hans ævi áður hann varð byskup á Hólum.*

Það er eftirtektarvert að einungis er vikið að tíðindum í lífi Lárentíusar, áður en hann varð biskup á Hólum. Varla hefði saga hans átt að enda þegar hann varð biskup.

Mér þykir einsýnt að S.T. lesi of mikið í málið þegar hann dregur þá ályktun að höfundur Lárentíussögu hefði verið sakaður um ofdirfð, ef hann hefði tekið upp hjá sjálfum sér að rita ævisöguna. Einar Hafliðason var lærisveinn Lárentíusar, messudjárn hans, trúnaðarvinur, gætti vinstúku hans og var honum einna kærastur allra klerka hans. Ýmsar ástæður gátu legið til þess að séra Einar skrifaði sögu Lárentíusar og koma mér tvær í hug. Hann hefur viljað sýna fram á að farsælast væri fyrir almúgann og kirkjuna, að íslenskir menn sætu í biskupsstóli á Hólum en ekki útlendingar, sem hvorki skildu þjóðina né tungumálið. Og í annan stað hefur hann einfaldlega viljað minnast velgjörðamanns síns. Varla verður talið að íslenskir sagnaritarar hafi aldrei getað sjálfir átt frumkvæði að því að semja sögur um látna menn. Hvað um Pál biskup? Enginn formáli er fyrir sögu hans. Verður að saka höfundinn um ofdirfð?

Og enn Lárentíussaga. Í formála hennar er komist svo að orði um tilgang ritunarinnar:

upp byrja góðum mönnum til gleði ok skemmtunar, ok svá eigi síðr til fróðleiks ok nytsemðar (130).

S.T. ætlar orðið 'skemmtun' merkja hér eins og yfirleitt í trúarbókmenntum 'uppbyggilega skemmtun' eða 'andlega huggun' og styður þá skoðun sína með tilvitnunum til annarra rita og sömuleiðis til þeirra andstæðna, sem fram eru dregnar í tédri klausu.

Ekki er um það að villast að orðið 'skemmtun' getur falið í sér bæði nytsemd (utilitas) og gleði eða dægurstyttingu (delectatio) og fer þá eftir atvikum hvor þátturinn er burðarmeiri í hugtakinu. Í þessu dæmi sem endranær er skylt að taka tillit til samhengis eða m.ö.o. túlka 'ritklifið' með hliðsjón af sögunni sjálfri. Lárentíussaga er tvímælalaust 'skemmmilegust' allra biskupasagna og þar segir höfundur margar skrýtnar sögur, sem bersýnilega eru ekki fallnar til nytsemðar eða andlegrar huggunar heldur einbert til dægurstyttingar. Ég læt fylgja hér frásöguna af Jóni Flæmingja, af því að mér þykir hún svo skemmmileg:

Einn tíma kómu mörg Íslandsför til Þrándheims, ok vóru á margir íslenzkir menn. Vildi síra Laurentius þeim öllum nokkut til góða gera. Þar kom millum annarra sá maðr, er Klængr steypir hét ok frændi Laurentii ok honum heimuligr.

En sem Jón Flæmingi sá þat, vildi hann gera honum nokkut at hvarf ok talaði einn tíma við Laurentium á latínu ok mælti: 'Kennið mér at heilsa á þenna yðar kompán upp á norrænu.'

Laurentio þótti mikit gaman at Jóni ok sagði: 'Heilsaðu honum svo: fagnaðarlaus, kompán!'

'Ek undirstend,' sagði Jón, 'at þetta mun vera fögr heilsan, því *gaudium* er fögnuðr, en *laus* er lof,' gengr síðan at Klængi steypi, klappandi honum á hans herðar, ok mælti: 'Fagnaðarlaus, kompán!'

Hinn hvessti augun í móti ok þótti heilsanin eigi vera svo fögr sem hinn ætlaði.

Nú mælti Jón Flæmingi við Laurentium: 'Ek forstend nú, at þú hefir dárat mik, því at þessi maðr varð reiðr við mik.'

Jón Flæmingi hafði sér lagskonu svo ljóta ok leiðinliga, at varla fannst ferligri ásjóna en sú, sem hon bar. Síra Laurentius sagði meistara Jóni einn tíma, hvar fyrir hann vildi hafa svo forljóta konu í bland við sik.

Jón svarar: 'Ek er bráðlyndr maðr, ok þyldi ek eigi vel, ef nokkurr ginnti mína þjónustukonu frá mér, ok því tók ek þessa, at ek veit hennar girnist enginn.' (Úr Íslendingasagna-útgáfunni).

Þess má geta, að Fritzner skýrir orðið *fagnaðarlaus* með 'blottet for alt hvad der er godt eller duer', en merkingin mun vera hér önnur: 'sá sem gengur ekki inn í fögnuð himnaríkis og nýtur miskunnar guðs', þ.e. fordæmdur. Kappinn Goliath var sagður fagnaðarlaus. Af þessu má skilja, hvers vegna heilsan Jóns Flæmingja er eigi fögur. Annað þarfnast ekki skýringa í þessari frásögu.

Sagnirnar *að segja*, *fyrir segja* og *heyra* geta átt bæði við munnlegar og skriflegar frásagnir, einnig nafnorðin *sögn*, *fyrirsögn* og *heyrn*. *Framburður* merkir hvorttveggja framsögn og skráða sögu. Fleiri orð eru til af þessu tagi en þessar tvíræðu merkingar hafa leitt til margs konar misskilnings við skýringar á formálaorðum. Þetta er doktorsefni ljóst. Hugum að formála Heimskringlu, sem hefst þannig:

Á bók þessi lét ek rita fornar frásagnir um höfðingja þá, er ríki hafa haft á Norðurlöndum ok á danska tungu hafa mælt, svá sem ek hefi heyrt fróða menn segja, svá ok nokkurar kynslóðir þeira eptir því, sem mér hefir kennt verit. . .

Doktorsefni telur hugsanlegt, að fornar frásagnir bendi til skriflegra heimilda en telur þó eðlilegra að átt sé við heyrnarvotta og rökstyður það hald sitt með því að benda á setninguna, sem á eftir kemur: '*eptir því, sem mér hefir kennt verit*' (228).

Snorri Sturluson getur sem heimilda í formála sínum aðeins Ara fróða, langfeðgatala og fornra kvæða og textakönnun hefur fært fræðimönnum heim sanninn um að Heimskringla er nánast öll samin upp úr eldri sögubókum. Það er því nærtækast að ætla að Snorri hafi í huga ritaðar heimildir, enda þarf sögnin 'að kenna' ekki að merkja annað en að Snorri hafi numið þessar fornu frásagnir af bókum, sem settar hafi verið fyrir hann við fræðslu. Það er ljóst að sú túlkun formála, sem er í samræmi við bókmenntaverkið, hlýtur að vera æskilegri. Í raun leggur S.T. víða í verki sínu áherslu á það viðhorf, en mér virðist hann ekki ávallt gæta þess sem skyldi.

Ekki þarf að efast um að innlend frásagnarlist hafi þroskað með sér einhvers konar 'munnskif', því að sagnamenn og kvæðamenn hafa auðvitað viljað vinna velvild eða hylli áheyrenda engu síður en bókarhöfundar. *Captatio benevolentiae* hefur sprottið upp sjálfkrafa með óskyldum menningarþjóðum. Ávörp eru til að mynda fyrir hendi í dróttkvæðum eins og í lærðum ritum, og sama máli gegnir um að líkja skáldskap við smíði húss eins og doktorsefni víkur að. Þótt formálahöfundur tali um að stytta mál sitt (brevitas), þá er ekki sjálfgefið að slík ummæli eigi endilega rætur að rekja til lærdómshefðar formála, slík ögun er ekki framandi munntum og þar til gæti góður sagnaritari tekið þetta upp hjá sjálfum sér. Í lengri formála Sverrissögu segir: 'Nú mun þetta mál mörgum nógu langt þykkja. . .' Um þetta farast S.T. svo orð:

Allar málalengingar voru álitnar óæskilegar og ekki fallnar til þess að vinna hylli áheyrandans. Þetta hefur ritstjórinn lært og hann lætur sem hann vilji skrifa gagnyrktan stíl (179).

Er nauðsynlegt að skýra orð ritstjórans með lærdómi og ómerkja orð hans? S.T. minnst lítilega á hliðstæður ritklifa í munntum, en óneitanlega hefði verið mikill fengur að því, ef þeim hefði verið gerð ýtarlegri skil í sérstökum kafla þar sem einnig hefði verið hugað að samruna hugtaka úr ólíkum straumum menningar, 'synkretisma'.

5. Formálahefð og innlend frásagnarhefð

Á einum stað í riti sínu lætur S.T. þessi orð falla:

Það virðist nær undantekningarlaust í evrópskum bókmenntum að lausamálsverk hafi formála. Að þessu leyti sker íslensk bókmenntahefð sig úr; formálar eru ekki fyrir Íslendinga sögum (327).

Þessi ummæli eru villandi að því leyti, að af þeim mætti skilja að Íslendingasögur einar af sagnaflokkum séu án formála en því fer víðs fjarri.

Af formálaskránni (396–97) sést að doktorsefni styðst við 45 formála í könnun sinni, þar af eru 24 formálar fyrir helgisögum og trúarritum, 12 fyrir riddara- og fornaldarsögum og 9 fyrir öðrum veraldlegum ritum. Það hlýtur að gegna furðu, að þessir formálar skuli ekki vera miklu fleiri, þegar gefinn er gaumur að þeim mikla fjölda fornrita, sem varðveist hafa. Hin síendurteknu formáladæmi, sem S.T. nefnir í bók sinni, villa lesanda sýn í fyrstu, því að rannsóknin hvílir í raun á tiltölulega fáum formálum, sem flestir standa fyrir helgisögum og riddarasögum, eins og ofangreindar tölur sýna.

Lítum nánar á formálaleyssi einstakra bókmenntagreina. Fyrir Íslendingasögum eru ekki formálar, svo sem fyrir segir. Um það breytir vitanlega engu ritstjóraformáli Fóstbræðrasögu í Flateyjarbók. Formálar eða eftirmálar eru fyrir Bósasögu (yngri gerð), Göngu-Hrólfis sögu og Hrólfis sögu Gautrekssonar en þar má ætla riddarasögur fyrirmynd (formáli Göngu-Hrólfis sögu er sá sami og fyrir Sigurðar sögu þögla). Enginn formáli er fyrir 20–30 öðrum fornaldarsögum og verður ekki annað ályktað um þetta en sú sagnagrein hafi í upphafi og löngum verið formálalaus. Með þeim fyrirvara sem óreiðanleg varðveisla gerir nauðsynlegan má segja það sama um veraldlegar samtíðarsögur: Íslendingasaga Sturlu Þórðarsonar hefur haft formála, og A-gerð Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar, en það er athugandi, að hún ber greinilegan keim af helgisögum og skýrir sú staðreynd væntanlega tilvist formálans. Það má því segja, að veraldlegar samtíðarsögur séu líka formálalaus bókmenntategund að kalla.

Öðru máli gegnir um aðrar bókmenntagreinar, þar skiptir í tvö horn. Um helmingur biskupasagna er með formála og þá einkum sögur helgra manna. En það vekur óskipta athygli að engan veginn er öruggt að sjálf latínusaga Jóns helga eftir Gunnlaug munk hafi haft formála, eftirmáli er með jarteinabók þýðingarinnar í A-gerð, en formáli fyrir B-gerð. Þessi formálasaga Jóns sögu helga ber vitni um kynlegt staðfestuleysi formálans, sér í lagi þar sem þýðandi B-gerðar hafði til hliðsjónar bæði latínusöguna og A-gerð, eins og áður hermir. Guðmundar saga góða (A-gerð), Páls saga biskups, Árna saga biskups eru án formála. Aftur á móti hefur Lárentíussaga formála, eins og fram hefur komið; sú saga er skrifuð um miðbik 14. aldar. Auðvitað hefur miðaldalærdómur og áhrif hans á einstök rit verið bæði tiskubundinn og persónubundinn.

Sumar konungasögur hafa formála, aðrar ekki. Eins og fyrri daginn

er geymdin óáreiðanleg en nefna má að hvorki er formáli fyrir Fagur-skinnu né Hákonar sögu Hákonarsonar. Fáir formálar standa fyrir þýddum riddarasögum og hlutfallslega fáir fyrir frumsömdum riddarasögum.

Niðurstaðan er þessi: Lítil hluti íslenskra sagnarita hefur formála. Þetta vekur sérstaka athygli og krefst skýringa, þar sem lausamálsverk hafa nær undantekningarlaust formála í evrópskum bókmenntum, eins og doktorsefni segir. En hann gefur þessu efni lítinn gaum og leggur áherslu á það í inngangi sínum að rannsókn sín varði formála en ekki formálaleysi; það liggi utan rannsóknarsviðsins. Á þessa afstöðu get ég ekki fallist, því að ógerningur er að draga upp skýra mynd af áhrifum erlendra formálahefðar á íslenska söguritun og meta þau réttilega án þess að gera glögg skil á stöðu og fjölda formála í því heildarsafni sem bókmenntirnar eru. Öðruvísi sagt verður lærd bókmenntahefð hvorki skilin né túlkuð á viðhlítandi hátt nema með því að hafa að staðaldri í huga ekki aðeins formála íslenskra bóka heldur og formálaleysi þeirra. Þessa stöðu hefur doktorsefni ekki gaumgæft sem skyldi við fræðilegar útlistanir og ályktanir í bók sinni, jafnvel þótt hann slái varnagla í niðurstöðum sínum með þessum orðum:

Þess ber þó að gæta að þessar tilvitnanir (þ.e. formáladæmin) eru aðeins ályktunarhæfar um nokkurn hlut íslenskra fornbókmennta, þar sem formálar eru ekki fyrir öllum forníslenskum lausamálsverkum (323).

Í ritgerðarlok vikur S.T. að formálaleysi Íslendingasagna og veltir fyrir sér hvort skýringa á því sé að leita til þess að Íslendingasögurnar væru alinnlend bókmenntagrein og hefði mótast af sagnahefðinni eða formálaleysið yrði þrátt fyrir allt skýrt eftir reglum mælskufræðinnar (328–29). Þar koma fram lauslegar hugmyndir um að mælskufræðin ylli þrátt fyrir allt formálaleysi Íslendingasagna, og tel ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þær. En doktorsefni er samt tvístígandi og vísar vandanum frá sér, þar sem íslensk sagnahefð sé ekki í hans verkahring. En augljósasta og um leið einfaldasta skýringin á formálaleysinu er, að það fylgi þeim bókmenntagreinum, sem eiga innlendar rætur, Íslendingasögum, fornaldarsögum og veraldlegum samtíðarsögum, en formálar séu fyrir þeim greinum, sem teljast aðkomnar, helgisögum og

riddarasögum. Konungasögur rekja uppruna sinn annars vegar til dýrlingasagna og króníkna og hins vegar til dróttkvæða og innlendrar sagnalistar. Bókmenntagreinin veit ekki á hvora sveifina hún á að hallast og af því leiðir að sumar konungasögur hafa formála, aðrar ekki. Og fleiri greinar vega salt í þessum efnum. Hvergi sést glegggra til uppspretna íslenskra miðaldabókmennta en einmitt í tvítoginu á milli formála og formálaleyfis í sagnaritum.

S.T. kemst svo að orði:

Það er ekki nein regla fyrir því í íslenskum sagnaritum frá miðöldum hvenær formáli á að standa fyrir verkinu (328).

Hér virðist of djúpt tekið í árinna, þegar að því er hugað að þrjár bókmenntagreinar eru formálalausar að heita má en aðrar þrjár hafa formála með þeim takmörkunum sem að ofan greinir.

Enn farast doktorsefni svo orð:

Höfundar þeirra verka sem hér um ræðir eru háðir þeim leikreglum sem mælskufræðin og kirkjulegt uppeldi hefur sett þeim. Það verður ekki séð að þeir hafi sett sér eigin reglur. Það rennir og stöðum undir þessa skoðun að formálar erlendra verka eru þýddir beint og það virðist ekki þörf á að breyta neinu (324).

Hér er ég ekki alveg með á nótunum. Formálar erlendra rita urðu fyrir ýmsum breytingum við þýðingu og má benda um það á orð doktorsefnis:

Í allmörgum þýðingum, bæði dýrlingasagna og riddarabókmennta hefur upphaflegum formála verið sleppt og ekki saminn nýr. Nefna má sem dæmi þýðingarnar í Stock. Perg. fol. nr. 2, Erex sögu og Ívens sögu, þar sem formálum Chrétians hafur verið sleppt. Í öðrum sögum, eins og t.d. Möttuls sögu, hefur honum verið bætt við. Þá er þess að gæta að þýðendur eða þeir sem síðast hafa rjáláð við textann, hafa oft lagað upphaf erlendra sagna að því sem mætti nefna innlenda frásagnarhefð. Má hér t.d. nefna upphaf Bevers sögu, þar sem inngangsorð í upphafi hvers erindis, eru felld brott og efnið dregið saman (328).

Og í annan stað sýnist vera nokkur mótsögn í því, þegar S.T. kveður svo að orði, að sagnaritararnir hafi ekki getað 'sett sér eigin reglur' (324), því að hann segir á öðrum stað:

Eins og fyrr segir eru íslenskir formálar svo bundnir leikreglum mælskufræðinnar að engin leið er að sjá þar móta fyrir persónulegum viðhorfum. Formáli Heimskringlu sker sig þó úr, enda þótt um hefðbundna og jafnvel íhaldssama lýsingu á vinnubrögðum sé að ræða (327).

Formálar Snorra Sturlusonar eru 'lausir við flest retórísk ritklif' og er því sýnt að helsti sagnaritari Íslendinga er sjálfstæður gagnvart 'leikreglunum' og í formálum hans birtast persónuleg viðhorf. Hann hefur því 'sett sér eigin reglur'. Hann hefur ekki verið einn um það, eins og marka má af því að formálar eru tiltölulega fáir, sundurleitir og flestir vanburðugir sem slíkir, hvað varðar efni, snið, röð og fjölda ritklifa. Algeng erlend ritklif, eins og ávörp, ættjarðarást (amor patriae) og bein ritbeiðni koma ekki fyrir oftar en svo, að telja má á fingrum annarrar handar í öllum þessum sæg sögubóka.

Formálar sýna vissulega erlendar rætur og erlend áhrif á íslenska sagnagerð, eins og doktorsefni hefur skilmerkilega leitt í ljós, en þegar á allt er litið eru þeir ekki síður góður vitnisburður um styrk og sjálfstæði íslensks menningararfs, sem hefur valdið því að hafnað var þeirri reglu latínubóka að formáli skuli fylgja hverju verki. Þessi þróttmikla innlenda frásagnarhefð hefur staðið formálum fyrir þrifum, fækkað þeim, dregið úr notkun lærðra ritklifa og gert snið formálanna laust í reipum og þar með fjarlægt þá frá retórískum kennisetningum.

Mál er að linni. Ég vil alls ekki láta liggja í láginni að geta þess að ritdoktorsefnis er mikils háttar rannsókn og fræðimannlega unnið. Í því kemur fram margra ára vinna við söfnun og úrvinnslu. Doktorsefni er augsýnilega vel lærður og fjöllesinn í miðaldafræðum. Hann fer jafnan sínar eigin leiðir í athugunum, og hann er óragur við að varpa fram tilgátum og rökstyðja þær eftir mætti til þess að steypa goðum af stalli. Hann er traustur textafræðingur og tilvitnanir hans eru áreiðanlegar.

Þótt telja megi að doktorsefni hefði átt að vera varfærnari í ályktunum sínum um hlutdeild, stöðu og áhrif erlendrar bókmenntahefðar

og taka meira tillit til íslenskrar frásagnarlistar, þá er rannsókn hans brautryðjandaverk og gagnsamur skerfur til skilningsauka á eðli og uppruna íslenskrar sagnaritunar. En eins og fram er komið í aðfinnslum mínum, þykja mér efnistökin markast fullmikið af því að doktors-efni líti á sagnaritunina svo sem innan úr húsi evrópskra miðaldafræða, en virði hana varla í nægum mæli fyrir sér svo sem utan af víðavangi. En með þessu riti hafa íslensk miðaldafræði fært út kvíarnar með þeim hætti að enginn fræðimaður getur skotið sér undan því að kynna sér niðurstöður doktors-efnis, þegar fjallað er um erlenda og innlenda menningu í íslenskum miðaldabókmenntum.

Verk doktors-efnis mun án efa leiða margan á götu til frekari rannsókna á hinum merku og sérstæðu miðaldabókmenntum Íslendinga.

Ég árna Sverri Tómassyni allra heilla með þetta lærða og nýtsamlega verk.